

29. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 11. júní 2013, kl. 09:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Helgi Jóhannsson formaður, Jónína Magnúsdóttir, Hildur Ösp Gylfadóttir, Edward Huijbens, Preben Jón Pétursson, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Skólameistari setti fundinn og byrjaði á að bjóða nefndina velkomna og sérstaklega nýja nefndarmenn sem nú taka sæti í skólanefnd.

Dagskrá:

1 Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar. Fundargerðin samþykkt.

2 Formannskjör

Helgi Jóhannsson gaf ekki kost á sér til formennsku áfram. Hildur Ösp Gylfadóttir gaf kost á sér og var kjörin samhljóða. Helgi Jóhannsson tekur sæti sem varaformaður.

3 Trúnaðarbréf til skólanefndar

Sjá trúnaðarbók.

4 Ársskýrsla skólans 2012

Skólameistari lagði fram til kynningar ársskýrslu skólans fyrir árið 2012.

5 Könnun SFR á stofnun ársins

Skólameistari lagði fram niðurstöður úr könnunum SFR á stofnun ársins. Skólinn kom vel út úr könnuninni.

6 Skólastarf síðasta vetrar

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir fyrir niðurstöðum skólastarfsins, upplýsti um meðaleinkunnir og lokin nemendaígild vetrarins. Frá skólanum útskrifuðust 6 stúdentar á haustönn og 12 á vorönn.

7 Mannabreytingar

Skólameistari lagði fram minnisblað með mannabreytingum. Tekist hefur að manna allar stöður nema stöðu námsráðgjafa.

8 Erindi skólameistara um skólann á SIRíkt ráðstefnu í Slóveníu

Skólameistari gerði grein fyrir ferð sinni á SIRíkt ráðstefnu í Slóveníu þar sem hún hélt erindi með kynningu á starfi skólans.

9 Önnur mál

9.1 Fundartími

Lagt til að fundir verði 2. þriðjudag í mánuði 2. hvern mánuð kl. 14:00.

9.2 Akstur nemenda

Hildur Ösp vakti athygli á því að breyting á upphafi skólatíma að morgni yrði óheppileg fyrir nemendur frá Dalvíkubýggð ef byrjað yrði fyrr.

9.3 Samstarf D7

Skólameistari upplýsti um samstarfið D7 sem sjö framhaldsskólar á landsbyggðinni standa að. Þar er námsframboð þessara skóla samnýtt á styttri starfsnámsbrautum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundargerð ritaði

Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir